

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1943.

Einar G. E. Sæmundsen.

## Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1943.

---

### Skógarhögg:

---

Höggvið var í Vaglaskógi á árinu:

Eldiviður	690	hestburðir
Staurar 6300 stk.	130	"
Renglur 3500 -	35	"
Efniviður 5700 fet	36?	"
<hr/>		
Alls	891	hestburður

Grisjað var svæðið milli Botnlágar og Merkgigils neðan aðalvegur, niður á brúnina ofan við Fnjóská, einnig Botnlág ofan vegar og svæðið sunnan við hana suður í Húsalág. Enn er ógrisjaður hluti af þessu síðasttalda stykki, hið efsta.

Á þessum slóðum er ungur skógur, lítið nema á stöku stað sunnan við Botnlág. Hann mun aðallega vera vaxinn upp eftir að firiðað var. Meðalhæð hans er ca. 5 m og hann er mjög beinvaxinn en heldur grannur í samanburði við hæð. Þarna hefir verið grisjað smávegis fyrir 10 - 15 árum, nema einstakir blettir sem bæði hefir verið höggvið í fyrr og síðar ( hluti af svæðinu milli Botnlágar og Merkgigils var grisjaður 1941 og 1942 og því ekki hreyfður nú ), og aðrir sem nú voru grisjaðir í fyrsta sinn.

Af þessum svæðum fékkst meira af gagnvið ( staurum, renglum og efnivið ) úr hverju feldu tonni viðar, en þekkt hefir hér í Vaglaskógi síðan ég kom hingað 1937.

Skógarhöggið var því nær allt unnið í ákvæðisvinnu, og reyndist þetta mjög hagfelt, en það krefst þess að hvert tré sem fella á, sé áður merkt.

Í Sigríðarstaðaskógi voru höggvir 152 hestburðir:

Eldiviður	100	hestburðir
Til kolagerðar	40	"
300 staurar	6	"
200 renglur	2	"
500 fet efniviður	4	"

Höggvið var í áframhaldi af grisjun síðasta árs.

Í Stórhöfða og Melaskógi var grisjað nokkuð til eldiviðar og enn fremur teknir 250 staurar og renglur. Alls 60 hestburðir.

### Kolagerð:

Til kola var gert eins og síðastliðið sumar í Sigríðarstaðaskógi. Lagt var í ofninn 12 sinnum og fengust allá 2300 kg. viðarkol. Viðurinn sem brendur var, var að mestu leyti höggvinn á árinu 1942 og þá talinn með í skýrslu þess árs.

## V e g i r o g g i r ð i n g a r :

-----

Viðhald girðinga var svipað og undanfarin ár.

Lokið var viðgirðinguna um Skuggabjargaskóg.

Girðingunni um Melaskóg var breytt þannig að girt var með Þnjóska sunnan frá Finnsstaðagili út fyrir Heybandseyri um 700 metra löng girðing. Er með þessu girt fyrir fjárrennsli yfir Þnjóska að miklu leyti, því það var á þessum slóðum - yfir Heybandseyri og hólma sunnan við það - sem féð sótti mest yfir haustið 1942.

Vegum var haldið við eftir föngum. Nokkurir nýjir brautarstúfar lagðir vegna viðaraksturs:

1. Vegur af Vaglabraut ofarlega, nefnd Miðbraut	700 m
2. Braut " " neðarlega og eftir Botnlág	500 -
3. " " aðalvegi niður með Merkgigli á skakk suður og ögan að Skógarseli	500 -
Alls ca.	<u>1.700 m</u>

## G r æ ð i r e i t u r :

-----

Afhent var úr reitnum vorið 1943:

birki	3321 stk.
reyniviður	1509 -
fyrur	800 -
ribs	80 -
viðistiklingar	638
Alls	<u>6348 stk.</u>

Sáð var birki frá í 180 fermetra og sitkagrenifrá í 20 m<sup>2</sup>. Birki frá spíraði áð mestu á 12 - 30 dögum og kom mjög jafnt upp. Yfir beðin var strengdur hessianstrigi og tel ég honum það mest að þakka hversu vel spíraði að þessu sinni, því veðurfar var mjög óhagstætt, bæði þurrt og kalt. Sitkagrenifrá spíraði heldur illa, enda gamalt fræ sem sáð var.

Dreifplantað var:

birki	62.000 stk.
reynir	500 -
fagurviðir, græðl.	500 -
þingviðir	500 -
ribs	1.000 -
spirea	200 -
Alls	<u>64.700 -</u>

Veður var mjög óheppilegt þann tíma sem dreifplantað var ( maí - 15. júní ), þurrt og kalt og sífeldir norðanæðingar. Vanhöld urðu því geypileg þennan tíma og giska ég á að allt að helmingur birkiplantanna hafi drepist ( ca. 30 þús. ). Mestur skaði varð þó á sitkagreni í fræðbeðum frá vorinu 1942. Má heita

að mestur hlutinn eða ca. 100 þús. sitkagrenisplöntur, ársgamlar, hafi drepist frá því fyrst í maí til miðs júní.

Rjúpur ollu töluverðu tjóni á birki sl. vetur, klipptu þær toppbrum af sáðbeðsplöntum og jafnvel ofan fjörgra ára plöntum líka.

Júnímánuður var kaldur en heldur rakasamari en maí, fór öllum gróðri mjög hægt fram. Júlí og ágúst voru einnig kaldari en venjulega og varð vöxturinn á græðireitsplöntum langt undir meðallagi þetta sumar. Þegar þess er gætt að smuatið í fyrra ( 1942 ) var einnig kalt og vöxtur þá óvenjulega lítill, gefur að skilja að plönturarnar sem selja á næsta vor, verða mjög smávaxnar.

Í september gerði fanukoma svo mikla að ekki varð gengið frá í græðireitnum ( hlúð að fræbeðum o. s. frv. ), sem venja er til undir vetur.

Unnið var áfram að stækkun reitsins á síðastliðnu vori. Voru fullunnir 1600 m<sup>2</sup> og gengið frá skjólbeltum og skurðum. Af þessu landi voru strax teknir 1200 m<sup>2</sup> undir dreifbeð. Halli landsins var mikill fyrir og varð því að stalla það. Hallinn var hafður 1:18.

Áburðarmagn í þessi nýju stykki var sem hér segir á 100 ferm.:

Sauðatað hálfpurrt 1 tonn  
Ammophos 16% - 20% 13 kg.  
Kalí 40% 10 -

Í þann hlutann sem tekinn var fyrir plöntur nú í vor var auk þess borinn fullur skammtur af tilbúnum áburði um leið og plantað var, þ. e. 13 kg. ammophos 16%- 20% og 10 kg. kalí 40 % pr. 100 m<sup>2</sup>.

Undirbúningur að frekari stækkun var hafinn á árinu, en þar sem vetur gekk svo snemma í garð varð að fresta frekari framkvæmdum.

Í haust voru keypt og ekin 17 tonn af sauðataði í reitinn, sem hægt verður að grípa til strax á komanda vori. Einnig var ekið mörgum bílhlössum af fínum sandi í reitinn sem notast næsta vor.

#### Byggingar:

Bílskúrinn var fluttur út fyrir grófina, og við hann byggður íveruskúr, klæddur asbest plötum með járnþaki. Stærð 5.00 x 5.25 m. Innsmiði hans er enn ólokið.

Gengið var frá ýmsu í íveruhúsinu að Vöglum ( steypt með gluggum, málað og m. fl. ). Lagt línóleum á gólf í eldhúsi og víðar.

Steyptur upp vesturveggur á fjárhúsi og vesturstafn á hlöðu ( viðbyggðri ).

Lengd fjárhúsveggs 11 m. hæð 3.25m  
" hlöðuveggs 6 - " 5.20-

#### Ýmislegt:

Í Vaglaskógi var plantað út: 7500 furum frá Múlakoti og 600 furum frá græðireitnum, Vöglum.

Plantað var á tveim stöðum í Góðulág og í Stórvahvammi, sunnan brautar, álika mörgu á hvorn stað.

Í Sigríðarstaðaskógi var plantað út um 2000 furum frá Múlakoti.

Furuplönturnar sem plantað var út á Blómsturvöllum og í Góðulág vorið 1942 hafa dafnað vel og létu lítt á sjá í vorkuðunum í ár, þeim var gefinn köfnunarefnáskammtur í vor.

Furuplönturnar sem plantað var út í vor vöndu mjög tölunni í kulduunum eftir gróðursetninguna, sumar roðnuðu strax og náðu ekki að grænka aftur, aðrar hjörðu litlu lífi fram á haust og er ég hræddur um þær til næsta vors.

Í Vaglaskógi voru sett um staða og vega skilti til leiðbeiningar. Á Kumblafleti var komið fyrir stóru spjaldi með uppdrætti Vaglaskógar með helztu vegum o. s. frv.

Haldin var skemmtun í Vaglaskógi hinn 4. og 5. júlí af Skógræktarfélagi Eyfirðinga, mjög fjölsótt, þrátt fyrir óblítt veður.

Keyptur var bátur ( 4/5 hlutar ) til flutnings á Fnjóská úr skógunum ytra.

### F e r ð a l ö g :

Vegna þess hve tíðarfar var stírt á síðastliðnu sumri og eins erfiðleikar á því að fá fólk til vinnu, gat ég ekki farið neinar skógræftirlitsferðir á árinu. Ferðalög urðu því með minna móti á þessu ári, nema um hina friðuðu skóga skógræktarinnar, ( útskózana og Sigurðarstaðaskóg ) og svo nauðsynlegar ferðir vegna viðskifta til Akureyrar og Reykjavíkur.

Til Húsavíkur fór ég í aprílmánuði og var við stofnun Skógræktarfélags Þingeyinga. Í sama mánuði skoðaði ég land hjá Ingvari Guðjónssyni í Kaupangi, sem ákveðið er að taka til skógræktar. Síðar ( í maí ) leiðbeindi ég þar við birkifrasáningu.

Að Vöglum á Þelamörk skrapp ég í nóvember. Þar hafa hálfviltar kanínur skemmt mjög hinn þrosknikla gróður ( bjarkar ), sem þotið hefir upp innan girðingarinnar hin síðari ár. Eftirlitsmaðurinn Karl Hallgrímsson, bóndi á Vöglum hefir drepið fjölda af þessum nagdýrum á sl. ári, en bó er allt kvíkt þarna ennþá af þessum kvikindum. Það ég hann að herða róðurinn sem mest og drepa enn fleiri kanínur, og sendi ég honum í því skyni rífilskot frá Akureyri.

Vöglum 10/2 1944.

Einar G. E. Sæmundsen,  
- skógarv.-